

Guðbjartur ehf

Nefndasvið Alþingis

Berist til: Atvinnuveganefndar

v/ 4. mál (þingskjal 4)

Hellissandi 23.06.2013

Umsögn vegna breytinga á stærðartakmörkunum á krókaflamarksbátum.

Mig langar til að benda á nokkra hluti í sambandi við fyrirhugaðar breytingar á krókaflamarkskerfinu.

Nú liggur fyrir tillaga þess efnis að bátum verði nú leyft að verða 15m að lengd og 20 brúttótonn.

Því hefur verið komið á framfæri að þær mælireglur sem nú á að innleiða henti ekki í þessa stærðarhugmynd og að bátar muni nú verða of mjóir og asnalegir í laginu.

Ekki ætla ég að mótmæla því hvort það sé rétt. Í framhaldi af þessari umræðu hefur verið bent á að betra sé að leyfa þessum bátum að verða 15m að lengd og 30 brúttótonn.

Það er hér sem ég vill að þeir aðilar sem um þetta mál munu sjá, staldri aðeins við og velti fyrir sér hvert á að stefna með krókaflamarkskerfið.

Þegar bátar eru orðnir allt að 30 brúttótonnum að stærð þá erum við ekki lengur stödd í neinu „smábátakerfi“.

Ég vill benda á að margar þær útgerðir sem eru starfandi í þessu kerfi í dag, tókst að byggja sig vel upp og fiska ágætlega þegar að bátarnir máttu aðeins vera 6 brúttótonn að stærð.

Ekki skal ég þó neita því að þeir bátar voru helst til of litlir til að gera út allt árið eins og þessar útgerðir gera út í dag.

Vel hefur gengið með bátana í regluverkinu eins og það er sett upp í dag. Mennt hafa þó sannarlega reynt að teygja báta sína á alla kanta í orðsins fyllstu merkingu til þess að fá meira vinnupláss á dekki og meiri burð í bátana.

Einhversstaðar verður þó að draga mörkin. Ekki er því að neita að gott væri ef leyft yrði að stækka þessa báta örlítið. Hugmyndin um 20 brúttótonna báta er ekki svo slæm í sjálfu sér.

Hvaða reiknireglu menn vilja tileinka sér til að fá þessa brúttótonna tölu út verða einhverjir aðrir að svara.

Ég vill þó að nefndarmenn skoði þessar tillögur sínar mjög vel og yfirvegað.

Það hefur verið bent á í umsögnum um þetta mál að hætt verði við því að ef menn fái of rúmar heimildir til stækkunar á bátum sínum geti það leitt til samþjöppunar aflaheimilda og fækkunar smábátaútgerða á landsbyggðinni.

Ég tel að þetta séu engar ýkjusögur og þessi hætta sé raunverulega til staðar. Það segir sig nokkuð sjálft að þegar menn eru komnir á stærri og öflugari báta þá þurfa þeir meiri veiðiheimildir.

Þær munu þeir fá með því að bjóða í minni útgerðir sem ekki telja sig lengur samkeppnishæfa og hætta því útgerð með ekkert svo góðum afleiðingum fyrir minni byggðarkjarna úti á landi.

Það er þannig í dag að í sumum byggðarkjörnum skiptir útgerð smábáta núorðið öllu máli. Leiðinlegt væri að eyðileggja þá uppbyggingu sem þó hefur tekist með útgerð þessara smábáta.

Annað sem vert er að hafa í huga eru kjarasamningsmál, útilegutími, réttindamál áhafnar og bala/krókafjöldi sem róið er með til sjós.

Málin eru að sjálfsögðu þannig að þegar menn eru komnir með stærri og öflugari báta undir hendur, munu þeir að sjálfsögðu róa stífar og með fleiri bala, eða króka séu þeir á beitningarvél. Þetta er grunnregla sem ávallt hefur fylgt stækkun á bátum alveg sama í hvaða kerfi þeir eru staddir í, enda engin tilgangur með stækkun báta ef ekki á að auka afköstin.

Þetta er eitthvað sem kemur að sjálfsögðu niður á mannskap sem um borð er. Túrar hvers smábáts munu lengjast sem því nemur og hætt er við að lög um hversu lengi megi vera úti á sjó verði sjálfsagt brotin, enda eru dæmi þess að þau séu brotin nú þegar í dag.

Þetta eru þessir nokkrir punktar sem ég vill setja fram ykkur til íhugunar áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Sjáfur er ég að reka útgerð í þessu kerfi með tvo báta sem róa með bala sem beittir eru í landi. Ég vill ekki sjá þetta kerfi sem nú er við lýði eyðileggjast. Því bið ég menn að fara varlega í þessum efnum og hafa almenna skynsemi að leiðarljósi þegar að ákvarðanir verða teknar.

Með vinsemd og virðingu.

Guðbjartur Þorvarðarson

Framkvæmdarstjóri útgerðar á: Lilju SH16 og Guðbjarti SH 45